

A Nr. XXXIII Lagt fram í Sakadómi

Reykjavíkur 21/3 1977

G.Br.

# VIII

KRISTJÁN VIÐAR VIÐARSSON  
SÆVAR MARINÓ CIESIELSKI

Málsskjöl vegna  
ætlaðra þjófnaðarbrota.

V. og VII. kafli ákæru

A      Nr. XXXIII Lagt fram í Sakadómi  
Reykjavíkur 21/3 1977

G.Br.

KRISTJÁN VIÐAR VIÐARSSON  
SÆVAR MARINÓ CIESIELSKI

Málsskjöl vegna  
ætlaðra þjófnaðarbrota.

V. og VII. kafli ákæru

A Nr. ~~XXXIII~~ Lagt fram | sakadómi  
Reykjavíkur | 21 | 3 | + 7

EgBr. 1

E N D U R R I T

ú r

S A K A D Ó M S B Ö K   R E Y K J A V Í K U R

---ooo000ooo---

Ár 1977, þriðjudaginn 25. janúar er dómping saka-  
dóms Reykjavíkur háð í Borgartúni af Haraldi Henryssyni,  
sakadómara.

Fyrir er tekið:

Rannsókn vegna ætlaðra

þjófnaðarbrota

Kristjáns Viðars Viðarssonar

og

Sævars Marinós Ciecielskis.

Fram eru lögð þessi skjöl:

Nr. 1-7 Skýrslur rannsóknarlöggreglunnar í Reykjavík.

Pá mætir í dóminum kærði, Kristján Viðar Viðarsson,  
nú gæslufangi, f. 21.4. 1955 í Reykjavík.

Gætt er ákv. 2. mgr. 77. gr. l. nr. 74/1974.

Kærði segir að hann hafi ásamt Sævari Marinó Ciecielski ráðstafað Blaupunkt-útvarpstæki, sem Sævar hafði stolið úr bifreið í sundi milli Njálsgötu og Grettisgötu að nóttu til árið 1972. Tækið notuðu þeir til greiðslu á ökugjaldsskuld við Viggó Guðmundsson, leigubifreiðarstjóra. Skuldin nam kr. 1.500.oo.

Kærða er lesin skýrsla hans hjá rannsóknarlög-reglunni á dskj. nr. 1. Segir hann hana rétta, nema hvað hann hafi ekki munað, er hann gaf skýrsluna, að þeir hefðu notað tækið til greiðslu ökugjaldsskuldar.

Kærði segist í byrjun árs 1972 hafa ásamt Ottó Sigurðssyni brotist inn í sjóppu að Laugavegi 92. Hafi þeir brotist inn í hana frá kjallara undir henni og brotið upp hurð, sem aðskilur bílasölu sem þarna er og sjoppuna. Þarna stálu þeir u.p.b. 10 lengjum af sígarettum og hugsanlega einhverju af skiptimynt. Skiptu þeir með sér þýfinu og neytti kærði sjálfur síns hluta og gaf eitt-hvað.

Kærði kveðst einnig hafa, líklega í byrjun árs 1973, brotist inn á sama stað ásamt Sævari Marinó. Hafi þeir fyrst dyrkað upp aðaldyr að bílasölunni og síðan brotið upp hurðina að sjoppunni. Þeir stálu þarna nokkru af tóbaki, bæði sígarettum og píputóbaki og einnig nokkru af skiptimynt. Þeir skiptu þýfinu á milli sín og neytti kærði síns hluta.

Kærða er lesin skýrsla hans á dskj. 2, og segir hann þar rétt frá greint.

Kærði kveðst hafa í byrjun árs 1973 farið inn í

hísið Aragötu 3 tvívegis ásamt Sævari Marinó og Lárusi Svavarssyni. Hafi þeir fyrst síðari hluta dags farið í kjallara hússins en einn þeirra, annað hvort Sævar eða Lárus, hafi skriðið inn um glugga og síðan opnað bakdýr fyrir hinum. Þeir hafi tekið parna allt að 10 flöskur af einhverjum drykk, sem var þar í ísskáp. Settu þeir flöskurnar í poka, er þeir földu síðan einhvers staðar nálægt flugvellinum. Þetta hafi þeir svo síðan drukkið saman og boðið fleirum af en drykkur þessi var áfengur.

Næstu nótt eða mjög fljótlega eftir þetta hafi þeir aftur farið að fyrrnefndu húsi, og þá hafi Lárus skriðið inn um glugga og opnað síðan aðaldyrnar fyrir hinum. Hafi þeir farið inn í íbúðina og fundið þar m.a. 4 flöskur með lyfjaspíritus og eina vodkaflösku og tóku þeir allar þessar flöskur. Þá tóku þeir parna minnispeninga Sigurðar Nordal, Karlakórs Reykjavíkur, 1000 ára Íslandsbyggðar og e.t.v. einhverja fleiri en ekki sá kærði neina Alþingishátiðarpeninga. Þá tóku þeir eitthvað af erlendri mynt svo og íslenskri, sem ekki var lengur í gildi. Einnig tóku þeir 3 hringi en kærði segir að hann hafi ekki séð parna úr eða gullarmband. Þarna hafi þeir einnig tekið skrínu með pappírum og myndum og var því öllu fleygt. Kærði segir að þeir hafi selt umrædda hringi og minnispeninga en umrædds drykkjar hafi þeir neytt sjálfir. Hann bætir því nú við að hann hafi einnig tekið eitthvað af vindlum og sígarettum, sem þeir notuðu sjálfir, eða kærði sjálfur að mestu. Að öðru leyti skýrir kærði frá sjálfstætt eins og áður hjá rannsóknarlöggreglu.

Kærða er nú lesin skýrsla hans á dskj. 3, sem hann kveður rétta að öðru leyti en því, að hann segir að ein umræddra flaskna hafi verið vodkaflaska.

Kærði segir að hann hafi haustið 1974 verið í því með Sævari Marinó að taka 3 ljóskastara, sem voru á stöngum í nýbyggingu Eimskipafélags Íslands í Sundahöfn. Fóru þeir með kastarana heim til Sævars, sem hugðist nota þá við kvikmyndatökur. Kærði skýrir að öðru leyti frá sjálfstætt eins og áður hjá rannsóknarlöggreglu.

Honum er nú lesin skýrsla á dskj. nr. 4, sem hann kveður rétta.

Fyrri hluta árs 1972 fór kærði ásamt Ottó Sigurðssyni inn í veitingahúsið Silfurtunglið við Snorrabraut, þar sem þeir biðu þess að húsinu yrði lokað, en síðan brutu þeir upp hurð að geymslu í kjallara og stálu þar tveimur kössum áfengis, aðallega whisky og vodka, en þeir neyttu þessa áfengis saman.

Kærða er nú lesin skýrsla hans hjá rannsóknarlöggreglu á dskj. nr. 5 og kveður hann þar rétt greint frá.

Hinn 15. janúar 1973 fóru kærði og Örn Leó Guðmundsson inn í verslunina Málarann með því að brjótast fyrst inn í sund við Gamla Bíó og síðan inn um bakdyr verslunarinnar, en kærði opnaði þar smekklás með hníf. Þarna stálu þeir einhverju af skiptimynt og telur kærði að hann hafi fengið um kr. 1.500.00 í sinn hlut. Einnig tóku þeir þarna eina rúllu af veggfóðri.

Kærða er lesin skýrsla hans hjá rannsóknarlöggreglu á dskj. nr. 6. Hann segir skýrsluna rétta að öðru leyti

en því að hann hafi opnað dyrnar að versluninni sjálfur.

Hinn 6. janúar 1974 fór kærði ásamt Óskari Guðmundssyni inn í húsið Borgartún 29, en þeir tóku rúðu úr fyrir ofan hurð á bakhlið hússins. Fóru þeir þarna um nokkrar skrifstofur, og í einni skrifstofunni fundu þeir í skrifborðsskúffu gamla peninga bæði seðla og mynt. Fékk kærði seðlana en Óskar myntina. Einnig stálu þeir þarna rúmlega kr. 1000.oo. Kærði kannast ekki við að hafa tekið vasatölvu þarna.

Kærða er kynnt bótaakrafa Þorgils Axelssonar. Hann mótmælir henni og neitar með öllu að hafa tekið tölvu þarna á staðnum.

Skýrsla kærða hjá rannsóknarlöggreglu á dskj. nr. 7 er nú lesin fyrir honum, sem hann segir rétta í öllum atriðum.

Upplesið, játað rétt.

Víkur frá kl. 14.55.

Dómpingi slitið.

Haraldur Henrysson.

Vottar:

Hjörðís Þorsteinsdóttir

Valdemar Sörensen

Ár 1977, miðvikudaginn 16. febrúar er dómping sakadóms Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af Haraldi Henryssyni, sakadómara.

Fyrir er tekið:

Rannsókn vegna ætlaðra  
þjófnaðarbrota

Kristjáns Viðars Viðarssonar

og

Sævars Marinós Ciecielskis.

Kominn er fyrir dóminn Sævar Marinó Ciecielski, nú gæslufangi, f. 6.7.1955 að Stóra-Hofi, Gnúpverjahreppi, Árnессýslu.

Gætt er ákv. 2. mgr. 77. gr. l. nr. 74/1974.

Kærði segir að hann hafi, líklega einhvern tíma á árinu 1972, farið inn í bifreið, sem stóð rétt hjá heimili Kristjáns Viðars Viðarssonar, í húisasundi milli Grettisgötu og Njálsgötu og tekið þaðan útvarpsviðtæki, sem þeir Kristján Viðar hafi síðan látið Viggó Guðmundsson fá upp í skuld.

Kærða er lesin skýrsla hans hjá rannsóknarlöggreglu á dskj. l. Segir hann hana rétta nema að hann hafi ekki skriðið á fjórum fótum að bifreiðinni né hafi hann farið út og inn um glugga á heimili Kristjáns.

Kærði segir að hann hafi í ársbyrjun 1972 farið ásamt Kristjáni Viðari inn í sjóppu að Laugavegi 92. Opnuðu þeir fyrst hurð inn á bílasölu en síðan brutu þeir upp hurð, sem liggur inn í sjóppuna. Tóku þeir barna allmikið af tóbaki, pípum og kveikjurum ásamt sælgæti og einnig eitt-hvað af smámynt.

Lesin er fyrir kærða skýrsla hans hjá rannsóknarlögreglu á dskj. 2 og segir hann hana rétta.

Kærði segir að hann hafi ásamt Kristjáni Viðari Viðarsyni og Lárusi Birni Svavarssyni farið tvívegis inn í hús við Aragötu í janúar 1973. Í fyrra sinnið hafi hann farið inn um kjallaraglugga og opnaði fyrir hinum. Tóku þeir

í kjallarnum áfengi, "spíra", rauðvín og úr, er kærði tók, lyf af salerni og e.t.v. eitthvað fleira. Hann segir að Lárus hafi verið með einhvern kassa, sem hann hafi sagt að drasí væri í, og hafi hann kastað honum í skurð nálægt Umferðarmiðstöðinni.

Nokkrum dögum síðar að kærði telur, fóru þeir aftur að húsi þessu og fór kærði þá inn um glugga á svefnherbergi á íbúðarhæð og opnaði fyrir hinum. Voru þeir að grennslast fyrir um frekari verðmæti, áfengi og lyf. Þarna hafi þeir tekið m.a. minnispeninga, sem kærði getur ekki nafngreint, utan gullminnispenings Jóns Sigurðssonar, sem Lárus síðar sagðist hafa glatað. Hina peningana seldu þeir í verslun á Skólavörðustíg og skiptu með sér andvirðinu, sem kærði man ekki hvað var. Einnig tóku þeir þarna eitthvað af skartgripum, sem þeir seldu í tveimur skartgripaverslunum og skiptu með sér andvirðinu. Þam man eftir gullarmbandi í þessu sambandi, en ekki gullkvenúri. Þá segir hann að Lárus hafi tekið nokkrar bankabækur og vissi ekki hvað af þeim varð.

Lesin er fyrir kærða skýrsla hans hjá rannsóknarlögreglu á dskj. nr. 3. Hann telur hana rétta, nema að það hafi verið misminni hjá sér að þeir Kristján hafi farið í húsið í 3. sinn. Þá treystir hann sér ekki til að fullyrða um það hvort þeir hafi verið þarna í desember 1972 eða í janúar 1973.

Kærði segir að hann hafi haustið 1974 farið með Kristjáni Viðari inn í opinn skála við Sundahöfn og þar hafi þeir skrúfað niður 3 ljóskastara, sem kærði hugðist nota við kvikmyndagerð. Voru þeir fluttir heim til kærða en hann notaði þá ekkert og tók löggreglan þá í sínar vörlur, eftir að kærði

var handtekinn.

Lesin er fyrir kærða skýrsla hans hjá rannsóknarlög-reglu á dskj. nr. 4, og segir hann hana rétta.

Viðstaddir réttarhaldið var Jón Oddsson, hml., rétt-argæslumaður kærða.

Upplesið, játað rétt.

Vék frá kl. 12.05.

Dómþingi slitið.

Haraldur Henrysson.

Vottar:

Hjördís Þorsteinsdóttir

Gunnlaugur Sigurðsson

Rétt endurrit staðfestir,  
skrifstofu sakadóms Reykjavíkur, 23. febrúar 1977

I. n.



Staðfestir  
Sigurður  
18.2.1977

Reykjavíkur 25.1.1977

S. 9

# Rannsóknarlöggreglan í Reykjavík

## Skýrsla

Priðju-daginn 29. júní 1976 kl. 18:45

Tekin af:

Gurbimi V. Eggertss.  
greglum.

Efni: Þjófnaður á  
varpsviðtæki úr bifr.  
m stóð á gangstíg á  
lli Njálgsgötu og  
ettisgötu.

Grunnádir:

Kristján Viðar Viðarsson  
21.4.1955, tilh. Grettis-  
götu 82, Rvík.  
Sævar Marinó Cisielski  
6.7.1955, tilh. Grýtu-  
akka 10, Rvík.

Settur í varðhald:

dr mættur til skýrslutöku, að eigin ósk, hjá  
rannsóknarlöggreglunni í fangelsinu við Síðumúla,  
Kristján Viðar Viðarsson, núverandi gæslufangi,  
fæddur 21/4 1955 í Reykjavík.

Mætti skýrir frá eftirfarandi áminntur um  
sannsögli: "Eg vil nú skýra frá því er Sævar M.  
Ciesielski kom heim til míni og fór síðan og stal  
útværpsiðtæki úr bifreið, sem stóð á "stíg", sem kigg  
liggur á milli Njálgsgötu og Grettisgötu, þar sem ég  
bý.

Pegar að Sævar kom heim til míni, fór hann út  
um gluggan, sem er út í garðinn, og að þessari  
bifreið og fór inn í hana og tók úr henni útværps-  
viðtæki og minnir mig að það hafi verið af gerðinni  
Blapunkt. Hann kom síðan með þetta tæki inn til  
míni og veit ég að hann lét síðar Viggð Guðmundsson  
hafa það, en ekki veit ég hvort hann seldi honum það,  
eða hvort hann gaf honum tækið.

Pessi atburður átti sér stað, eftir því sem ég  
best man, seinnipart árs 1972 eða um sumarið."

Yfirheyrslu lauk kl. 19:00.

Upplesið, staðfest.

Sigurður V. Eggertss.  
lögreglum.

Kristján Viðar Viðarsson  
Kristján Viðar Viðarsson

16.10.1976, kl. 10,00, er mættur á skrifstofu rannsóknar-lögreglunnar, Viggó Guðmundsson verkam. f. 14.9.1948 í Reykjavík, tilh. Gyðufelli 14, hér í borg sími 72079.

Mætta er birt tilefni skýrslutökunnar og gætt er ákv. 1.mgr.40.gr.laga um meðferð opinberra mála. Aminntur um sannsögli, skýrir mætti svo frá:

"Eg man óljóst eftir, að hafa fengið gamalt bíltæki hjá þeim Sævari Cisielski og Kristjáni Viðari Viðarssyni.

Eg man þó ekki hvort þeir voru báðir saman er ég fékk tækið, en mig minnir, að tækið hafi komið í mínar hendur vegna skuldar, en ég vann þá í leigubílaakstri og þeir félagar skulduðu mér peninga. Ekki man ég þó þá fjárhæð, sem þeir skulduðu mér.

Eg man heldur ekki hvenær þetta var, en ég var í þessum leigubílaakstri árið 1972 og 1973 og af og til síðan.

Þetta hlýtur því, að hafa verið á þeim árum. Eg man ekki hvað um þetta tæki varð, en venja míni var, að ef ég tók eitthvæ svona upp í akstur, þá lét ég kunningjana hafa það fyrir lítið.

Eg man þó ekki hjá hverjum þetta tæki hefur lent, enda langt um liðið. Eg taldi, að þetta tæki væri vel fengið, eftir hefi ekkert hugsað út í það. Eg man nú, að ég ætlaði sjálfur að nota tækið eitthvað, en það var þá bilað, en ekki man ég hvort ég lét gera við það.

Eg man ekki hvaða tegund þetta útvarpstæki var, en þatta var örugglega eina tækið, sem ég fékk hjá þeim Sævari og Kristjáni." Yfirh. lauk kl. 10, 20.

Upplesið staðfest,

Viggó Guðmundsson.

Ivar Hannesson lögreglum.

Ivar Hannesson.

Rvík. 16.10.1976, kl. 17,45 er tekin til skýrslutöku gæslufanginn Sævar M.Cisielski, til heimilis að Grýtubakka lo Rvík. f. 6.7.1955. Mætta er kunngert tilefni skýrslutökunnar, sem er vegna þjófnaðar úr bifreið, það er útvarpstæki. Gætt er ákvæða l.mgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974. Áminntur um sannsögli skýrir hann svo frá.

" Eg tel að það hafi verið um sumarið 1972, að ég veitti athygli bifreið sem var í húasundi milli Grettisgötu og Njálsgötu. Ég var nokkuð undir áhrifum áfengi, en man þetta greinilega. Ég man að ég skreið út um glugga á íbúð þeirri við Grettisgötu sem Kristján Viðar býr í, skreið síðan á fjórum fótum, þannig að örugglega sœist ekki til míni að bifreiðinni. Þetta var rauð bifreið eftir því sem ég best man. Bifreiðin var opin og man ég ekki hvort ég skrúfaði útvarpstækið, eða hvort ég reif það út bifreiðinni, en ég var með skrúfjárn og töng með mér. Ég fór sömu leið til baka heim til Kristjáns. Ég og Kristján létum Viggð hafa þetta tæki, en ég man ekki hvort við fengum greitt fyrir það eða hvort þetta var greiðsla fyrir gamla skuld, en Viggð hafði ekið okku í nokkur skipti."

Skýrslutöku lauk kl. 17,50.

Upplesið, staðfest:

*Sævar M. Cisielski*.....

Sævar M. Cisielski

Skýrsluna tók:

*Rúnar Sigurðsson*

Rúnar Sigurðsson, lögreglum.

16.10.1976. Er ég hafði lokið skýrslutöku af Viggó, sagðist hann ráma í, að hann hefði látið kunningja sinn, Örn Axelsson tilh. Krummahólum 2, hér í borg, hafa gamalt Blaupunkt-bíltæki, fyrir um 3 árum síðan, sem nokkuð öruggl. væri þetta tæki.

Viggó sagðist halda, að tækið hefði verið í viðgerð á radióverkstæði Bjarna í Síðumúla og þar hefði Örn greitt viðgerðina og fengið tækið og síðan sett það í Volkswagen-bifreið, sem hann þá hefði átt, en væri nú ónýt, en flakið stæði á bílastæðinu heima hjá Ærni.


Pangað fór ég með Viggó. Í bifreiðinni var gamalt Blaupunktútvarpstæki með gylltum ramma að framan.

Tækið tókum við úr bifreiðinni og á bakhlið þess var númer frá radióverkst. Bjarna.

Umrædd bifreið er Volkswagen, hvít að lit, gamalt módel, en ekki gat ég séð hvaða árgerð. Bifreiðin var opin og mikið skemmd, brotnar rúður ofl. sennilega skemmdarverk.

Viggó sagðist láta Örn vita um tækið og sagðist skildi gera þau mál upp við Örn og það væri ósk hans, að tækið yrði geymt hjá rannsóknarlöggreglunni og því skilað, ef tækist að hafa upp á réttum eiganda.


Ivar Hannesson  
löggreglum.



16.10.1976. Þess skal getið, að ekkert er skráð í spjaldskrá rannsóknarlöggreglu, eða kærubækur, sem bent geti til þess, úr hvaða bifreið tækið er.

Tækið er því merkt málí þessu og geymt í óskilamunda-deild rannsóknarlöggreglu.

Ivar Hannesson  
löggreglum.



P.24. jan. 1977.

Að beiðni, Haraldar Henryssonar sakadómara, hefur verið reynt að afla upplýsinga um, hvort kröfur verði gerðar í málínu á hendur hinum seku, af hálfu þess sem misgert var við.

Eins og fram kemur í gögnum málsins, hefur ekki hafst upp á eiganda bifreiðarinnar sem útvartækini var stolið úr. Reynt var að ná sambandi við, Örn Axelson, Krummahólum 2, sími 74769, en <sup>hann</sup> er sagður hafa fengið tækið hjá Viggó Guðmundssyni leigubílstjóra. Ekki náðist samband við Örn.

*Guðmundsson  
Lögreglugerð*

# Rannsóknarlögreglan í Reykjavík

## Skýrsla

Priðju-daginn 29. júní 1976 kl. 16:50

**Tekin af:**

Sigurbirni V. Eggertss.  
löggreglum.

er mættur til skýrslutöku, að eigin ósk, hjá rannsóknarlöggreglunni í fangelsinu við Síðumúla, Kristján Viðar Viðarsson, núverandi gæslufangi, fæddur 21/4 1955 í Reykjavík.

Mætti skýrir frá eftirfarandi áminntur um sannsögli: " Eg vil nú skyra frá tveimur innbrotum, sem ég framdi í "sjoppuna" að Laugavegi 92 og var það fyrra, að mig minnir, í byrjun árs 1972 og var þá með mér Ottó Sigurðsson, Bergþórugötu 27. Síðara skiptið var í byrjun árs 1973 og var þá Sævar M. Ciesielski með mér.

I fyrraskiptið sem ég fór í sjoppuna var með mér Ottó Sigurðsson og var það fyrirfram ákveðið innbrot. Við fórum inn í kjallara, sem er undir sjoppunni, en sá kjallari er alltaf opinn. Við brutumst síðan í gegnum stiga, sem er í einuherbergi í kjallaranum og komum þá inn á gang, sem aðskilur bílasöluna og sjoppuna.

Við brutum þá upp hurð sem er að sjoppunni, en henni var læst með einhverjum hespum og lásum inni í sjoppunni og tók það okkur langan tíma að komast í gegnum þá hurð. Þegar að við komumst inn í sjoppuna tókum við ca. 10 carton af tóbaki og minnir mig að það hafi verið sett í pappakassa. Við fórum síðan með tóbakið heim til mína, þar sem við skiptum því á milli okkar og reyktum við það síðan og einnig var eitthvað af því gefið vinum og kunningjum.

**Settir í varðhald:**

**Grunaðir:**  
Kristján V. Viðarsson,  
Grettisgötu 82, Rvík.,  
fæddur 21/4 1955.

Sævar M. Ciesielski,  
Grytubakka 10, Rvík.,  
fæddur 6/7 1955.

Ottó Sigurðsson,  
Bergþórugötu 27, Rvík.,  
fæddur 11/4 1954.


I seinnaskiptið sem ég fór inn í sjoppuna að Laugavegi 92, ásamt Sævari M. Ciesielski var að mig minnir, annaðhvort síðast á árinu 1972 eða í byrjun árs 1973. Aðdragandinn að því innbroti var sá að við ákváðum að fara og brjóta inn í sjoppuna að Laugavegi 92, og sagði ég Sævari að ég hefði farið þar inn áður. Þetta var um nött og fórum við að Bílasölunni, sem er í sömu byggingu og sjóppan og hjálpuðumst við að við það að stignga upp "smekklás", sem var á hurðinni að bílasölunni. Við fórum síðan inn í bílasöluna og tókum við þar ekkert. Síðan var farið inn í sjoppuna með því að brjóta upp hurðina, sem er að sjóppunni frá ganginum þar sem gengið er inn í bílasöluna.

I sjóppunni tókum við nokkur carton af tóbaki, en þar var þá lítið af tóbaki og tíndum við pakka úr hillum og settum í carton og gæti ég trúð því að það hafi verið ca. 10 carton, sem við tókum í það heila. Einnig tókum við eitthvað af skiptimynnt, en ekki man ég hversu mikið það var. Við fórum með þýfið heim til mínn að grettisgötu, þar sem við skiptum því að milli okkar og reykti ég það sem í minn hluta kom, en ekki veit ég hvað Sævar gerði við það sem hann fékk.

Ég vil einnig bæta því að að í fyrra skiptið, sem ég fór inn í sjoppuna þá tókum við einnig skiptimynnt, en ekki man ég heldur hversu mikið það var."

Yfirheyrslu lauk kl. 17:25.

Upplesið, staðfest.



Sigurður V. Eggertsson  
lögreglum.

Kristján Viðar Viðarsson  
Kristján Viðar Viðarsson.

Rvík. 14.lo.1976, kl.22,30 er tekin til skýrslutöku gæslufanginn Sævar M.Cisielski, til heimilis að Grýtubakka lo Rvík. f. 6.7.1955. Mætta er kunngert tilefni skýrslutökunnar, sem er vegna innbrots og þjófnaðar að Laugavegi 92. Gætt er ákvæða l.mgr.40. gr. laga um meðferð opinberra mala. Áminntur um sannsögli skýrir hann svo frá.

" Það var í byrjun ársins 1972 að ég fór með Kristjáni Viðari Viðarssyni í sælgætisverslun að Laugavegi 92, en við höfðum ákveðið að brjóta þar inn. Við opnuðum fyrrst hurð á bifreiðasölu sem er þarna við hliðina og síðan gengum við inn á gang sem þar er. Ær við komum inn á ganginn komum við að tveimur hurðum, önnur er upp á loft en þar er barnafataverslun, en hin hurðin liggur að sælgisisverslun, sem er á jarðhæð hússins. Þá hurð brutum við upp og gengum inn í sjoppuna. Ær þangað kom slökkti Kristján Viðar strax ljós sem var í sælgisisversluninni, en það var mikil hætta á því að til okkar sæist frá Laugaveginum. Við tókum okkur fjóra plastpoka er inn var komið og fylltum þá að vörum. Settum við eftirtalda hluti í þá: Vindlinga, sælgæti, smápeninga, píputþbak, gaskveikjara og pípur. Við fórum síðan sömu leið út og heim til Kristjáns Viðars að Grettisgötu 82. Æg man að við settum varninginn í svefnrúm, sem hægt er að lyfta upp og þá kemur í ljós holrúm, sem er gert fyrir sengurföt. Við skiptum þessu á milli okkar, en ég man að Kristján fékk allt vindlingana en ég reykti ekki á þessum tíma, og síðan gáfum við kunningjum hluta af þýfinu."

Skýrslutöku lauk kl.22,45.

Upplesið, staðfest:

Sævar M.Cisielski

Skýrsluna tók:


Rúnar Sigurðsson, lögreglum.

Rvík. 16.lo.1976 kl.16,40 er mættur til skýrslutöku á skrifstofu rannsóknarlöggreglunnar Ottó Sigurðssonum nemi, til heimilis að Bergþórugötu 27 Rvík. f. 11.4.1954. Mætta er kunngert tilefni skýrslutökunnar, sem er vegna innbrots og þjófnaðar í sælgætisbúð að Laugavegi 92. Gætt er ákvæða l.mgr.40. gr. laga um meðferð opinberra mála. Áminntur um sannsögli skýrir hann svo frá.

" Mig minnir að það hafi verið fyrriparts ársins 1972 að ég fór ásamt Kristjáni Viðari Viðarssyni, Grettisgötu 82 að sælgætisbúð sem er að Laugavegi 92. Eg minnist þess að við fórum inn í sælgætisbúðins þannig að fyrst var farið inn í húsnæði Bílasölu, sem er rétt vestan og sunnan til við sælgætisverslunina, eg þannig komumst við gegnum hruð og í sælgæstiverslunina. Eg man að við tókum eitthvað magn af vindlingum og fórum að því búnu heim til Kristjáns með þýfið. Eg tel að við höfum skipt þessu til helmimga, en ég get ekki sagt til um hversu mörg carton þetta voru, en þau voru ekki mjög mörg. Það sem ég fékk það notaði ég til eigin parfa."


Skýrslutöku lauk kl. 16,45

Upplesið, staðfest:



Ottó Sigurðsson

Skýrsluna tók:



Rúnar Sigurðsson, löggreglum.

24/I 1977

Að þeifðni Haraldar Henryssonar sakadómara hef ég undirritaður talað við Höllu Kolbeins Kolbeinsstöðum 2, Seltjarnarnesi s.13981 og skýrt henni frá því sem fram hefur komið í máli þessu.

Hún skýrði mér frá því, að í umræddu innbroti hafi einnig verið stolið frá henni úr sælgætissölunni stóru ferðaútvarpstæki af gerðinni Dænaton.

Ég innti hana eftir bótakröfum á hendur þeim seku í málinu.

Hún kvaðst telja að ekkert þýddi að gera skaðabótakröfu á hendur þeim sem frömdu þennan verknað.

Hún gat þess, að mönnum þessum yrði refsað lögum samkvæmt, væri það einungis sú krafa sem hún gerði í sambandi við þetta mál.

*Hellert Johannesson*  
Hellert Johannesson  
löggreglum.

S. 19

# Rannsóknarlöggreglan í Reykjavík

## Skýrsla

Föstu daginn 19.1. 1973, kl. 14,20, hringdi á

Tekin af:

Ivari Hannessyni  
löggreglum.  
Eggerti N.Bjarnasyni  
löggreglum. og  
Rúnari Sigurðssyni  
löggreglum.

Efni: Innbrot í manna-  
laust hús, Aragötu 3.  
Stolið, minnispen. og  
skartgripum.

Grunaðir:

Kristján Viðar Viðarsson  
f. 21.4.1955, tilh. Grettis-  
götu 82, Rvík.

Sævar Marínó Cisielski  
f. 6.7.1955, tilh. Grýtu-  
bakka 10, Rvík.

Lárus Björn Svavarsson  
f. 12.9.1952, tilh. Ysta-  
ba 1, Rvík.

Setur í varðhald:

skrifstofu rannsóknarl. Guðríður Erasmusdóttir tilh. Háaleitisbraut 38, hér í borg sími 85633 og tilkynnti að innbrot hefði verið framið í mannlaust hús, Aragötu 3, hér í borg, en hún sagðist líta eftir húsi þessu fyrir eiganda, professor Jón Steffensen, sem nú væri á sjúkrahúsi.

Undirritaður fór á staðinn, ásamt Sævari P. Jóhannessyni, sem leitaði fingrafara.

EKKI GÁTUM VIÐ MEÐ VÍSSU, SÉÐ, HVAR FARIÐ HAFÐI VERIÐ INN, EN LÍTILL OPNAÐLEGUR GLUGGI Á BÓKAHERBERGI Í KJALLARA HÚSSINS, VAR OPINN OG HAFÐI SÝNILEGA EITTHVAÐ KOMIÐ VIÐ RYK Í GLUGGAKISTU.

Pess skal getið, að s.l. miðvikudag, var brotist parna inn og pá stolið einhverju af áfengi og fór rannsóknarl. þá einnig á staðinn. Guðríður taldi og einhverjar líkur á, að tekinn hefði verið lykill að útidýrum í fyrra innbrotinu, en sagðist þó ekki þora að fullyrða það.

Hún taldi, að nú hefði horfið bankabók af skrifborði í skrifstofu Jóns, en hún sagðist hafa tekið bókina upp af gólfínu, eftir fyrra innbrotið

og þá sett hana á skrifborðið. Hún sagði að bókin hefði verið á Útvegsbanka Íslands, en ekki sagðist hún neitt vita um númer, né innistæðu bókarinnar.

Rinnig hafði sýnilega verið leitað þarna í kössum og m.a. í útskornum kassa uppi á bókaskáp, en í kassanum var stakkabelti úr silfri, gullhúðað, sem þar var ósnert, en ekki sagðist Guðríður vita, hvort eitthvað annað hefði átt að vera í kassanum.

Eg talaði við aðalgjaldkera Útvegsbankans og skýrði honum frá bókarhvarfinu og sagðist hann ætla að taka út, spjald bókarinnar, ef hann gæti fundið nafn Jóns í spjaldskrá og einnig spjald eiginkonu Jóns, Kristínar, en hún andaðist á s.l. ári. Þá mun Guðríður hafa samband við Jón og fá uppgefið bókarnúmerið og tilkynna bankanum. Hún sagðist og, ætla að hafa samband við skyldmenni Jóns og fá einhvern til að sofa í húsinu á meðan Jón væri fjarverandi.

Ivar Hannesson  
Lögreglum.  
*Ivar Hannesson*

26.1.1973. Í dag, hafði Jón Steffensen samband við Njörð Snæhólm að alvarðstjóra og tilkynnti, að horfið hefði ýmis verðmæti úr íbúð hans í framanskráðu innbroti og fylgir hér með listi yfir það, sem Jón saf Mirði upp.

Ivar Hannesson  
Lögreglum.  
*Ivar Hannesson*

Aragata 3. Jón Steffesen.

- 26-1-73. Stolið. Tilk. í dag, sem viðbót við það síðasta.  
1 st. minnispeningur Þjóðmynjasafns. loo ára afmæli 1964.  
1 st. minnispeningur Sigurðar Norðdals.  
1 st. minnispeningur, gull, Jóns Sigurðssonar.  
3 st. Alþingishátiðarserían.  
10 st. 50 kr. peningarnir frá 1969. Þeir fyrstu.  
1 st. kvemúr, gull, lítið ferhyrnt með keðju.  
1 st. gullarmband, Ítalski, 20 karat, nokkuð breitt m.liðum.  
1 st. kassi með slatta af allskonar mynt, erlendri og ísl.  
1 st. eikarkassi með ýmsum skartgripum, m.a. berg-  
kristal hálsfesti. Ekki mjög verðmætir gripir.

22

22. júní 1976 kl. 15:00 er mættur hjá rannsóknarlög-reglunni í Rvk. í fangelsinu við Síðumúla, að eigin ósk, Kristján Viðar Viðarsson núverandi gæslufangi til heimilis að Grettisgötu 82 hér í borg, fæddur 21. 4. 1955 í Rvk.

Áminntur um sannsögli skýrir mætti frá eftirfarandi: Í janúar-mánuði 1973, eða um það leiti, þá framdi ég, í félagi við Sævar Ciesielski og ~~Lárus~~ Lárus Svavarsson innbrot í íbúðarhús skammt frá Háskóla Íslands. Þetta var manna-laust ~~þín~~ einbýlishús. Við fórum reyndar tvívegis inn í húsið, fyrst að degi til og svo að kvöldi sama dags. Lárus átti hugmyndina að innbrotinu, en ekki áttum við neitt sér-stakt erindi í þessum borgarhluta og innbikrotið var ekki ákveðið fyrirfram.

Ekki man ég hvað klukkan var, er við fórum í húsið. Í ~~fyrreksxistis~~ fyrra skiptið var enn bjart af degi, en örugglega komið fram yfir hádegi. Við vorum þarna á rölti og stakk Lárus þá upp á innbrotinu og fór að húsinu til þess að kanna hvort nokkur væri heima. Hann hringdi dyrabjöllunni, ~~æ~~ en enginn svæði. Við fórum þá bak við húsið og þar skreið Sævar inn um glugga á kjallaranum, en opnaði svo dyr fyrir okkur hinum. Í kjallaranum voru tveir kæliskápar og tókum við nokkrar flöskur af einhverju öli úr öðrum þeirra. Annað tókum við ekki þarna í kjallarnum og upp á hæðina komumst við ekki, því dyrnar þangað upp voru læstar. Við smökkuðum á þessu öli og komumst að þeirri niðurstöðu, að það væri áfengt,. Þess vegna tókum við það. Við settum flöskurnar í strigapoka, sem við svo á eftir földum á auðu svæði í grennd við bifreiðaverkstæði Landleiða, sem er ekki langt frá þessu húsi. Seinna sôttum við svo pokann, en ekki man ég nákvæmlega hvernig það gekk fyrir sig.

Um ~~þ~~ kvöldið (það getur þó hafa verið að kvöldi næsta dags) þá fórum við hinir þrír sömu aftur að þessu ~~mama~~ húsi. Nú fórum við inn á 1. hæð, en ekki man ég hvernig við bárum okkur að við það. Þetta var í myrkri, ég gæti trúð, að klukkan hafi verið milli 22:00 og 23:00. Við leituðum um húsið að verömætum og fundum minnispeninga, skartgripi og áfengi. Við höfðum svo á brott með okkur þrjár þriggjapelaflöskur fullar af ~~um~~ lyfjaspiritus og eina slíka axlafulla, og svo stóra, ~~gæru~~ græna flösku, einnig fulla af spíritus. Það hefur verið í það minnsta einslítarsflaska. Svo tókum við skartgripi, að-allega hringa og eitthvað af ~~hak~~ minnispeningum. Ég man eftir

minnispeningi um Sigurð Nordal, en ekki örðum sérstökum. Einnig var þarna eitthvað af sleginni mynt, ég held gamalli, bæði íslenskri og erlendri, sem við tókum, ásamt einhverjum litlum kistli og fýmsum pappírum, sem Sævar hafði áhuga fyrir. Sævar ~~hafði með sér~~ fann barna svarta handtösku, sem notuð var undir þýfið. ~~egxnetuð til þess.~~

Við héldum svo fótgangandi áleiðis heim til mína á Grettisgötuna. Þegar við komum á Vitastíg við móti Bergþórugötum, þá sáum við til ferða löggreglubifreiðar. ~~Lárus~~ ~~XXXXX~~ ætlaði þá að taka til fótanna, en ég kom í veg fyrir það. Við gengum svo fyrir hornið inn í Bergþórugötuna og þegar við vorum komnir í hvarf frá löggreglubifreiðinni, þá tókum aði til fótanna og inn í húsið Bergþórugötu 27. Þar á annari hæð býr kunningi okkar Sævars, Bjarni Þór Þorvaldsson. Sævar hljóp upp til hans með töskuna, en við biðum niðri við dyr á meðan. Nú komu löggreglubjónar að dyrunum, en við hleyptum þeim ekki inn fyrr en Sævar kom niður aftur. Hann var þá enn með töskuna og vildu löggreglubjónarnir sjá í hana. Það ~~vildi~~ vildi Sævar lengi vel ekki samþykkja, en opnaði hana svo. Þá var ekki annað í töskunni, en gömul kuldaúlpa og var okkur þá sleppt. Sævar hafði fengið innihald töskunnar geymt hjá Bjarna, ~~með~~ aðn úlpuna lánaða til þess að villa um fyrir löggreglubjónunum. Rétt eftir að okkur hafði verið sleppt og löggreglubjónarnir voru farnir, þá fórum við aftur ~~þ~~ Bergþórugötu 27 og sóttum áfengið og annað, sem í töskunni hafði verið.

Við skiptum svo með okkur áfenginu, drukkum það og veittum. Hringana seldum við sem brotamál í gullsmíðastofu við Aðalstræti í húsi við hliðina á Morgunnblaðshúsini. Ekki man ég hvað við fengum fyrir hringana, en andvirðinu skiptum við á milli okkar. Alla minnispeningana keypti Valur Bragason, sem heima á að Skúlagötu 66, en ekki man ég hað hann greiddi fyrir þá. Two af peningunum fekk ég reyndar til baka, en hef glatað þeim nú. Kistlinum, ásamt pappírunum var síðar hent í skurð við Umferðarmiðstöðina. Valur fekk einnig alla aðra mynt, sem við stálum í húsinu.

Ekki kannast ég við að hafa tekið gullúr eða gullarmband en vel getur verið, að þeir félagar mírir hafi gert það, án þess ég yrði þess var. Auk þess, sem ég hef hér upptalið, þá tókum við eitthvað af lyfjum, sem geymd voru í skáp í baðherberginu

á hæðinni, þar á meðal Meedhadon og Mirapront, sem ég síðar neytti.

Yfirheyrslu lauk kl. 16:35.

*E. N. Bjarnason*  
E. N. Bjarnason  
lögreglum.

Upplesið, staðfest:

*Kristján Viðar Viðarsson*  
Kristján Viðar Viðarsson

Rvík. 13,lo 1976,kl.15,05 er tekim til skýrslutöku gæslufanginn Sævar M.Cisielski, til heimilis að Grýtubakka lo Rvík. f. 6.7.1955. Mætta er kungert tilefni skýrslutökunnar, sem er vegna innbrots og þjófnaðar í hús nr.3 við Aragötu hér í borg. Gætt er ákvæða 1.mgr. 40.gr. laga um meðferð opinberra mála. Aminntur um sannsögli skýrir hann svo frá.

" Eg minnist þess að ég hef farið inn í þrjú skipti alls í hús nr.3 við Aragötu hér í borg, en þar býr Jón Steffensen prófessor. I fyrsta skiptið sem við fórum þarna inn var það ég, Kristján Viðar Viarðarsson og Lárus Svavarsson. Það var í desember mánuði 1972 að við vorum á gangi vestur við Háskóla Íslands að við komum að þessu hú si og mátti strax sjá að ekki var neinn í húsi þessu. Ég vil taka það fram að við vorum ekki í þeim ásetningi að brjótast inn og man ég að það var komið kvöld. Það var úr að ég skreið inn um glugga í kjallara hússins, en síðan opnaði ég fyrir þeim hurð sem var í kjallara hússins. Er inn kom man ég að Lárusi tókst að opna hurð sem lá upp á efri hæð hússins. Við gengum síðan um í leit að einhverju sem hægt var að stela og man ég að við fundum átta flöskur af áfengi, sem voru í bókaherbergi ~~á heðinni~~, þrjár flöskur af hreinum spíra, sem voru í skáp í eldhúsi og einnig fundum við eimað vín sem var í kjallara hússins, en ég held að þetta hafi verið einskonar rauðvín. Ég man að við Kristján settum það sem við tókum í tösku sem við fundum þarna. I húsinu var myrkur og man ég að Lárus var að leita í stofunni og að hann kom þaðan með öskju, sem ég veit ekki hvað var í. Við gengum eftir að út var komið yfir mýrina og framhjá Norrænahúsinu og komið hjá Umferðamálastöðinni, og þá man ég að við spurðum Lárus hvað væri í öskjunni og svaraði hann því eitthvað á þá leið að það væri drasl, myndir og eitthvað fleira. Þá var ákveðið að henda öskjunni og var farið með hana í skurð, þem er ekki langt frá Alaska. Var öskjunni kastað þar og síðan sett yfir hana tunna og spýtur. Ég tel að þetta geti verið þarna ennbá og hugsanlegt að hægt sé að finna þetta þar. Við gengum síðan norður Barónsstíg og beygðum síðan vestur Eíriksgötu, gengum hjá Hallgrímskirkju og niður með Austurbæjarskólanum .

Er við vorum þar veittum við athygli lögreglubifreið og fórum við þá strax að Bergþrögötum 27 og þar inn. Við hæstum útihurðinni á eftir okkur og man ég að lögreglan bakaði á hurðina. Eg fór með töskuna upp til Bjarna og losaði hana þar og setti í hana regnkápu eða eitthvað svoleiðis og fór síðan með töskuna niður aftur. Þá var opnað fyrir lögreglunni og man ég að við vorum allir teknir inn í lögreglubifreiðina og þar var taskan opnuð og lögreglunni sýnt hvað væri í töskunni. Strax og við vorum lausir við lögregluna var farið til Bjarna og vínið sótt og síðan haldið heim til Kristjáns Viðars, að Grettisgötu 82. Eg veit ekki hvað varð af öllum þessum vímugjafa.

Eg tel að það hafi einnig verið í desembermánuði að við fórum að þessu sama húsi ég, Kristján Viðar og Lárus Svavarsson. Þá lyftu þeir Kristján Viðar og Lárus Svavarsson mér upp í svefnherbergisglugga sem er á hæðinni og inn um hann skreið ég. Síða n opnaði ég fyrir þeim útidyr hússins til þess að þeim kæmust inn. Eg minnist þess að þá fór þjófabjalla ~~þó~~ í gang og að Kristján Viðar landi einhverju í hana, þannig að hún ~~þagnaði~~. Er inn kom var farið að leita að einhverju verðmætu. Var farið inn í vinnuherbergi, gramað þar í hyrslum, skrifborðsskjóffum og þar voru minnispeningar, man ég þar eftir minnispeningi Jóns Sigurðssonar sem Lárus tók, skartgrigi í svefnherbergi, sem Lárus tók einnig, en við Kristján fórum á salerni, þar sem við fundum nokkurt magn af lyfjum. Par fundum við m.a. methadon, dexedrine, mogadon, diazepam og fl.lyf, sem við tókum. Eg minnist þess að ég sá Lárus einnig með bankabækur, en ég veit ekki hvað varð um þær, eða á hvaða banka þær voru. Eg man að ég tók úr, sem var á borði í vinnuherbergi. Eg man að við hringdum í Viggð Guðmundsson í síma sem var í húsinu og var hann beðin að koma, en ekki í þessa sömu götu, heldur í Sturlugötu, sem er þarna skammt frá. Með Viggð var farið heim til Kristjáns og þar var því skipt sem við höfðum komist yfir. Eg man að ég hélt lyfjunum, en minnispeningunum mög skartgripunum var skipt á það er að segja andvirkji þeirra eftir að þeir höfðu verið seldir milli okkar, /Eg vill geta þess að í þetta skipti var bjartur dagur er við fórum í þetta innbrot. Við fórum í Frímerkjahúsið á Skólavörðustíg og þar fór Lárus inn og seldi þar minnispeningana, en síðan var haldið

í Aðalstræti og þar í hús og upp á aðra hæð til gullsmiðs, en hjá honum var eitthvað selt af skartgripum. Æg man ekki hvað við fengum fyrir þetta allt í krónum. Æg vil taka það fram að er við yfirlögum húsið tókum við láss af hurð sem er í kjallara hússins..

Það var svo í janúar að við Kristján fórum aftur að Aragötu 3 og þá fórum við inn um dyr þær sem við höfðum skilið eftir opnað í kjallara hússins. Æg minnist þess að við tókum ekkert annað í þessari ferð nema lyf, en þau fundum við út um kjallaradýrnar og læstum þeim á eftir okkur."

Skýrslutöku lauk kl.16,05

Upplesið, staðfest:

*Sævar M. Cisielski.....*

Sævar M. Cisielski

Vottur:

Skýrsluna tók:

*Rúnar Sigurðsson.....*

Rúnar Sigurðsson, lögreglum.

28

16.10.1976. Kl.10,25, er mættur í máli þessu, Viggó Guðmundsson verkam. f.14.9.1948 í Reykjavík, tilh. Gyðufelli 14 hér í borg sími 72079. Mætta er birt tilefni skýrslutökunnar og gætt er ákv.l.mgr.40.gr.laga um meðferð opinberra mála.

Aminntur um sannsögli, skýrir mætti svo frá:

"Ég hefi hér heyrt tilefni skýrslutökunnar ðig vil greina frá því, sem ég best man. Ég vann í leigubílaakstri á árunum 1972 og 1973 og síðan af og til. A þessum tíma þá ók ég Sævari Cisielski og Kristjáni Viðari Viðarssyni all oft.

Ég minnist þess, að hafa verið kallaður upp í talstöð og minnir mig það hafa verið að kvöldi til. Ég var þá beðinn um, að sækja Sævar og Kristján í hverfið þarna nærrí Háskólanum.

Ég man, að þeir komu síðan í bílinn og þá var ~~með~~ <sup>að mig minnir,</sup> þeim maður, sem ég nú ekki man hver ~~xxxx~~ er. Ég minnist þess ekki að hafa séð hjá þeim nokkurt þýfi, en mig minnir, að ég hafi ekið þeim heim til Kristjáns. Þetta gæti þó verið misminni hjá mér. Ég man ekki hvort ég fór inn með þeim, en það kom fyrir að ég lenti inn hjá Kristjáni. Ég er þó viss um, að ég sá ekkert hjá þeim, sem vakti grunsemdir hjá mér.

Ég man að þetta var í "prófessorahverfinu" en ekki man ég hvort ég kom í Oddagötu eða Aragötu, en ég man, að ég stöðvaði bifreiðina á götuhorni og flautaði þar og sá fólk koma út á tröppur. Litlu seinna komu strákarinir."

Yfirheyrslu lauk kl.10,35.

Upplesið staðfest,

Viggó Guðmundsson.

Ivar Hannesson  
löggreglum.

Laugardaginn, 16.10.1976, kl. 14,25, er mættur til skýrslutöku í máli þessu, Lárus Björn Svavarsson, f. 12.9.1952 í Reykjavík, tilh. Ystabæ 1, Reykjavík sími 86127.

Mætti er nú refsifangi á Litla-Hrauni og fer skýrslutakan fram þar.

Mætta er birt tilefni yfirheyrslunnar og gætt er ákvæða l.mgr.40.gr.laga um meðferð opinberra mála og áminntur um sannsëgli skýrir mætti svo frá:

"Ég vil játa þátt minn í innbrotunum á Aragötuna. Ég fór þar inn tvívegis og í bæði skiptin með þeim Sævari Siecielski og Kristjáni Viðari. Mig minnir að innbrotin hafði bæði verið framin sama dag, en þori þó ekki að slá því föstu, enda langt um liðið.

Ég man, að við vorum á þvælingi og vorum að koma úr öðrum stúdentadarðanna. Við vorum allir ölvaðir, að ég best man. Er við komum parna að húsinu, en þar var að degi til, þá kom okkur saman að fara parna inn. Fyrst hringdum við á dyrabjöllu og er við fengum ekki svar, þá fórum við að bak-hlið hússins og þar skreið Sævar inn um glugga. Hann opnaði svo fyrir okkur dyr á kjallaranum.

Þarna leituðum við í hirzljum og fundum ekkert fémætt, en í kæliskáp, fundum við eitthvað blandað áfengi á flöskum og voru það nokkrar flöskur, sem við síðan tókum.

Við fórum ekki í þessari ferð upp á loftið, en með þessar flöskur fórum við út og földum þær í grasi þarna ekki langt frá.

Það var svo sama kvöldið, að því er mig minnir, sem við fórum þarna aftur. Þá fór Sævar inn um glugga á hæðinni og opnaði fyrir okkur. Það var um, eða fyrir miðnættið.

Við gerðum þá mikla leit þarna í íbúðinni og fundum þá nokkrar flöskur, sem ég held að hafi verið spíritus. Mig minnir, að flöskurnar hafi verið 4 og ein þeirra var stór græn.

Einnig fundum við eitthvað af lyfjum í skáð á baðinu.

Þá fundum við eitthvað af minnispeningum og gamalli ízlenskri mynt og eitthvað af skartgripum. Við tókum þetta, en peningarnir voru í einhverju bókaherbergi, en skartgripirnir í svefnherbergi, eftir því, sem mig minnir.

Þá man ég eftir tveimur bankabókum, sem ég fann þarna að mig minnir í skúffu. Þessum bókum stakk ég á mig. Önnur var græn og hin blá, eftir því, sem mig best minnir.

Ekki minnist ég þess, að annað hafi verið tekið.

Eftir því, sem ég best man, fórum við fótgangandi heim til Kristjáns og á leiðinni þangað man ég nú, að Sævar var með lítinn kassa, en ekki vissi ég um innihaldið. Þessum kassa henti hann í skurð nærri Umferðarmiðstöðinni. Sævar var þá með þýfi okkar í svartri tösku, sem hann tók þarna.

Mig minnir, að vínið hafi verið í poka. Eg man, að á leiðinni þá sáum við lögregluna og þá sluppum við inn í hús, en þar átti heima kunningi Sævars og Kristjáns og þar fékk Sævar fatnað, sem hann setti í pokann og er við komum út aftur, þá tók lögreglan pokann og fann ekkert nema föt.

Við fórum þarna inn aftur og þá tók Sævar vínið aftur.

Eftir þetta fórum við heim til Kristjáns, en þar var þetta geymt. Það var svo daginn á eftir, að við seldum skartgripina en það var hjá einhverjum gullsmið í Aðalstræti. Eg man ekki hver okkar sá um það og ekki man ég hvað við fengum fyrir, en þeim peningum var skipt jafnt.

Þá voru minnispeningarnir og gamla myntin seld, en mig minnir, að farið hafi verið í Klausturhóla, en kaupmaðurinn vildi ekki sjá þetta og man ég þá, eftir Frímerkjahúsinu á Skólavörðustíg og ég held, að peningarnir hafi verið seldir þar.

Allavega fengum við einhverja peninga, sem skipt var á milli okkar. Mig minnir að lyfin hafi lent hjá Kristjáni eða Sævari. Eg vildi þau ekki. Afenginu átti að skipta jafnt, en er til átti að taka, fékk ég ekkert af því.

Eg man ekki hvað fékkst fyrir minnispeningana, en held þó, að það hefi verið nokkur þúsund, sem lento í hlut hvers okkar. Eg man ekki eftir neinum Val Bragasyni og hefi aldrei heyrt það nafn. Aðspurður minnist ég þess ekki, að hafa farið í leigubíl frá Aragötunni, en man veg eftir göngunni þaðan. Varðandi bankabækurnar ~~þó~~ þá reyndi ég aldrei að taka út úr þeim, en ég reif bækurnar eftir að þær höfðu verið hjá mér í nokkurn tíma. Eg minnist þess ekki hvort einhver innistæða var í þeim, en hefi uglaust gáð að því.

Eg hefi greint hér frá þessum innbrotum eins og ég best man þetta, en þó gæti eitthvað hafa skopast til hjá mér.

— Eg get því ekki borið um það, hver okkar segir söguna rétasta og gæti því saga hinna verið réttari, enda er það langt um liðið síðan þetta skeði. Meira hefi ég því ekki um þetta að segja."Vfthr.lauk kl.15,15.

Ivar Hannesson lögr.m.


Upplesið staðfest,  
Lárus Svavarsson.

*Ivar Hannesson*

*Lárus Svavarsson*

Rvík. 19.lo.1976 fór ég undirritaður ásamt Jónasi Bjarnasyni rannsóknarlögreglumanni, með gæslufangann Sævar M.Cisielski til heimilis að Grytubakka lo f. 6.7.1955 að Umferðamistöðinni. Eins og fram kemur í meðfylgjandi lögregluskríslum kveðst Sævar hafa farið að skurði við Umferðamistöðina og kastað þar kassa, eða öskju sem í var þýfi frá innbroti sem framið var að Aragötu 3 hér í borg, en Sævar kvaðst hafa verið með þeim Kristjáni Viðari Viðarssyni og Lámusi Svavarssyni. Þrátt fyrir ítrekaða leit fannst ekki þessi kassi eða öskja.

Virðingarfyllst,

  
Rúnar Sigurðsson, lögreglum.

P.24. jan. 1977.

Að beiðni, Haraldar Henryssonar sakadómara, hef ég undirritaður rætt við, Jón Steffensen prófessor, Ara-götu 3, simi 13021 og innt hann eftir kröfum á hendur hinum seku. Hann sagðist ekki geta séð, að neitt þyddi að gera skaðabótakröfur á hendur þessum mönnum og sagðist hann láta hið opinbera um refsihlíð málsins. Prófessorinn taldi að erfitt væri að gera kostnaðaráætlun á því tjóni sem hann varð fyrir af völdum þjófanna, en hann taldi að þar væri um að ræða verðmæti fyrir að minnsta kosti, kr. 300.000,-.

Gisli Guðmundsson  
löggreglum.

*LH*

33

# Rannsóknarlöggreglan í Reykjavík

## Skýrsla

Þriðju-daginn 29. júní 1976 kl. 14:35

## Tekin af:

Sigurbirni V. Eggertss.  
lögreglum.

er mættur til skýrslutöku, að eigin ósk, hjá rannsóknarlöggreglunni í fangelsinu við Síðumúla, Kristján Viðar Viðarsson, núverandi gæzlufangi, fæddur 21/4 1955 í Reykjavík.

Mætti skýrir frá eftirfarandi áminntur um sannsögli: " Eg vil nú skýra frá því að í lok ágúst eða byrjun september 1974, þá stal ég ljós-kösturum í nýbyggingu hjá Eimskipafélagi Íslands við Sundahöfn og var Sævar M. Ciesielski með mér.

Aðdragandi að þessum þjófnaði var sá að ég og frændi minn Sigurður Óttar Hreinsson, Aspateigi 2, Mosfellsveit vorum að aka Sævari og unnstu hans Erlu Bolladóttur heim til þeirra að Hjallaveg. Þegar að við vorum staddir á Kleppsvegi bað Sævar, Óttar, sem var eigandi og ökumaður bifreiðarinnar, að aka í Sundahöfn, sem hann gerði.

Þegar að við komum í Sundahöfn fór Sævar út úr bifreiðinni og sagðist þurfa að skreppa þarna inni í nýbygginguna einhverra erinda. Við sátum eftir í bifreiðinni, en þegar nokkur tími var líðinn, fór ég út úr bifreiðinni og fór inn í bygginguna þar sem ég hafði séð Sævar fara inn. Þá kom ég ~~há~~ að honum, þar sem hann var að skrúfa lausa ljóskastara, sem þar voru og sagði hann mér þá, að hann ætlaði að nota þá við kvíkmyndaframleiðsluna sína.

Ég aðstoðaði hann við að losa ljóskastarana og fór ég með 2 "kastara" út í bifreiðina og bað ég

Grunaðir:  
Kristján V. Viðarsson,  
rettisgötu 82, Rvík.,  
21/4 1955.

Sævar M. Ciesielski,  
Myrtubakka 10, Rvík.,  
6/7 1955.


Erla Bolladóttir,  
Hótragerði 29, Rvík.,  
19/7 1955.

Sigurður Óttar Hreinsson,  
Aspateig 2, Mosfellsv.,  
25/3 1956.

Sigurð Óttar að lána mér lykla af farangursgeymslu bifreiðarinn og rétti hann mér lyklana út um hliðarglugga bifreiðarinnar og opnaði ég farangursgeymsluna og setti ljóskastarana þar í og rétt á eftir kom Sævar með l ljóskastara og settum við hann einnig í farangursgeymsluna.

Eftir þetta fórum við inn í bifreiðina, en Erla og Sigurður Óttar höfðu setið í bifreiðinni á meðan, en síðan var ekið heim til Sævars að Hjallavegi. Þar tók Sævar "kastarana" út bifreiðinni og fór með þau inn í húsið, en ég og Sigurður Óttar fór heim til míν að Grettisgötu. Ég og Sigurður fórum aðeins inn með Sævari og Erlu, en stoppurðum þar mjög stutt og þá sá Sigurður hvað það var sem við tókum í Sundahöfninni.<sup>2</sup>

Yfirheyrslu lauk kl. 15:17.



Sigurðr. V. Eggertss.  
lögreglum.

Upplesið, stæðfest,

Kristján Viðar Viðarsson  
Kristján Viðar Viðarsson.

Rvík.13, lo 1976, kl.13,15 er tekin til skýrslutöku gæslufanginn Sævar M.Cisielski, til heimilis að Grýtubakka lo Rvík. 6.7.1955. Þætta er kunngert tilefni skýrslutökunnar, en er vegna þjófnaðar á ljóskösturum hjá Eimskipafélagi Isl. við Sundahöfn. Þætt er ákvæða l.mgr. 40. gr. laga um meðferð opjnberra málaminnit um sannsögli skýrir hann svo frá.

" Eg vil skýra frá því að í september 1974 fór ég ásamt Kristjáni Viðari Viðarssyni, Grettisgötu 82, samþyliskonu minni Erlu Bolladóttur og Sigurði Óttari Hreinssyni að skála Eimskipafélagsins við Sundahöfn. Við vorum í bifreið sem Sigurður er eigandi að en hún er af tegundinni Ford Mustang. Þindi okkar var að stela ljóskösturum, sem notuð voru sem vinnuljós barna á staðnum, en þessir kastarar voru viðsvegar um svæðið. Eg hafði hugsað mér að nota þessa kastara við kvíkmyndagerð sem ég vann að um bessar mundir. Það var ég og Kristján Viðar sem fórum og losuðum þrjá kastara og man ég að Kristján hélt á tveimur að bifreiðinni og ég á einum. Eftir að hafa komist yfir þetta var farið að Hjallavegi 31 þar sem ég bjó. Löggreglan hefur tekið í sína vörlu ~~um~~ two af kösturum þessum, en þeir voru í farangursgeymslu Rambler bifreiðar sem ég átti. Ím þann þriðja veit ég ekki en hélt að hamn hefði átt að vera í Rambler bifreiðinni líka!"

Skýrslutöku lauk kl.14,25.

Upplesið, staðfellt:

*.....M. Cisielski.....*

Sævar M.Cisielski

Skýrsluna tók:

*Rúnar Sigurðsson*

Rúnar Sigurðsson, lögreglum.

Vottar:

Laugardaginn 16. okt. 1976 kl. 11:15 var færð til yfirheyrslu í skrifstofu rannsóknarlögreglunnar, Erla Bolladóttir núverandi gæslufangi, f. 19/7 1955 í Reykjavík.

Mesttu er kunnugt um tilefni yfirheyrlunnar, en það er þjófnaður á ljóskösturum í Sundahöfn. Gætt er ákvæða l. mgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mæla og éminnt um sannsögli skýrir hún svo frá: " Það var í september mánuði 1974 að ég fór ásamt Sævari Marinó Ciesielski, Kristjánni Viðar Viðarssyni og Sigurði Óttari Hreinssyni að vöruskemnum Eimskipafélagsins við Sundahöfn, þeirra erinda að setla þar ljóskösturum, sem Sævar sagðist ætla að nota við kvíkmyndagerð sína. Sigurður Óttar ók okkur á bifreið sinni sem var af tegundinni Ford Mustang.

Sævar og Kristján Viðar fóru út úr bifreiðinni til þess að ná í þessa ljóskastara, en ég beiði f bifreiðinni ásamt Sigurði Óttari. Þegar þeir félagar, Sævar og Kristján komu aftur höfðu þeir meðferðis 3 ljóskastara, sem þeir létu í farangursgeymslu bifreiðarinnar. Síðan var ekið að Hjallavegi 31, þar sem við Sævar leigðum fbúð og voru ljóskastararínir bornir þar inn.

EKKI veit ég hvað Sævar gerði við ljóskastarana síðar meir, nema ég fann sinn þeirra í geymsluherbergi, þar sem við síðar áttum heima að Þverbrekku 4, Kópav. og afhenti ég lögreglunni hennar."

Yfirheyrslu lauk kl. 11:35.

Upplesið, staðfest,

Erla Bolladóttir

Erla Bolladóttir.

Vottur:

Hariður Árnason.

Sigurbj. V. Eggerthss.  
Sigurbj. V. Eggertsson.  
Lögreglum.


Sunnudaginn 17. okt. 1976 kl. 10:30 er mættur í skrifstofu rannsóknarlöggreglunnar Sigurður Óttar Hreinsson iðnnemi til heimilis að Asparteig 2 í Mosfellssveit sími 66416, fæddur 25. 3. 1956, í Rvk., nnr. 7871-7602.


Gætt er 1. málsg. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála og mætta er kunnugt um tilefni yfirheyrsunnar.

Aðspurður og áminntur um sannsögli skýrir mætti frá eftirfarandi: Eg man eftir því, að einhvern tímabilinu frá því í júlí til í september árið 1974, ók ég Kristjáni Viðari Viðarssyni frænda mínum og Sævari Ciesielski inn að Sundahöfn. Eg man ekki til þess, að fleiri hafi verið í bifreiðinni, en vel getur verið, að Erla Bolladóttir hafi þar einnig verið. Við höfðum verið að aka um borgina okkur til skemmtunar í Mustang-bifreið, sem ég þá átti. Astæðan til þess, að við ókum að Sundahöfninni held ég hafi verið sú, að þar hafi legið erlent skip og við höfum ætlað að skoða það. Rétt við nýbyggingu þarna við höfnina bað Sævar ~~má~~ mig um að stöðva bifreiðina og fór hann þar út úr henni. Skömmu síðar kom hann aftur í bifreiðina og hafði þá meðferðis, að mig minnir, tvö flóðljós. Verið getur, að þau hafi verið þrjú, ég man það ekki greinilega. Eftir því, sem ég best man, þá beið Kristján Viðar hjá mér í bifreiðinni á meðan, en það er svo langt um liðið, síðan þetta skeði, að mig ~~l~~getur vel rangminnt. Frá Sundahöfninni var svo ekið rakleiðis heim til Sævars, en ~~í~~ hann hélt á þessum tíma til í húsi við Hjallaveg skammt frá Sundahöfn.

Eins og fram er komið, þá veit ég ekki annað, en það hafi verið hrein tilvilkjun, að Sævar tók þessi ~~xx~~ flóðljós, en að sjálfssögðu gerði ég mér það ljóst strax, að þegar hann kom með þau í bifreiðina væru þau ekki fnegin á heiðarlegan hátt. Hvað síðar varð um þessi ljós, það veit ég ekki, en eitthvað talaði Sævar um að nota ljósin í sambandi við kvíkmyndagerð.

Yfirheyrslu lauk kl. 10:50.

  
E. N. Bjarnason  
lögreglum.


Upplesið, staðfest:  
  
Sigurður Óttar Hreinsson  
Sigurður Óttar Hreinsson

24/1 1977.

Að ósk Haraldar Henryssonar sakadómara hef ég undirr.rætt rætt við Braga Kr.Guðmundsson deildarstjóra hjá Einskipafélagi Íslands og spurði hann hvort gerðar yfðu kröfur á hendur þeim seku í máli þessu.

Hann kvaðst hafa rætt málið við Viggó Maak og hafi það orðið að samkomulagi,að ekki yrðu gerðar bótakröfur í máli þessu,en afstöðu til refsihliðar þess yfði ekki tekinn.

Hellert Jóhannesson  
löggreglum.



*SL*

39

# Rannsóknarlöggreglan í Reykjavík

## Skýrsla

Priðju- daginn 29. júní 1976 kl. 15:23

**Tekin af:**

Sigurbirni V. Eggertss.  
lögreglum.

er mættur til skýrslutöku, að eigin ósk, hjá rannsóknarlöggreglunni í fangelsinu við Síðumúla, Kristján Viðar Viðarsson, núverandi gæslufangi, fæddur 21/4 1955 í Reykjavík.

Mætti skýrir frá eftirfarandi áminntur um sannsögli " Eg vil nú skýra frá innbroti, sem ég framdi ásamt Ottó Sigurðssyni, Bergþrórugötu 27, Rvík., í veitingahúsið Silfurtunglið við Snorrabæaut.

Petta átti sér stað fyrrípart árs 1972, en ekki man ég í hvaða mánuði þetta var, en get þó miðað við það að í marzmánuði fór ég á vertið til Grindavíkur og var þetta þá nokkru áður.

Ég og Ottó vorum að ráfa um hjá veitingahúsinu og fórum þá norður fyrir húsið og veittum þá athygli hurð, sem var opin þar. Við fórum inn í húsið og fórum upp á loft, þar sem við lögðumst fyrir og biðum þar til allt fólk far farið út úr húsinu, en þetta var að kvöldlagi eftir kvíkmyndasýningu.

Eftir að allt var orðið hljótt fórum við að fara um húsið og komumst við inn í sælgætissöluna ú Austurbæjarbíó, þar sem við borðuðum eitthvað af sælgæti. Því næst fórum við inn í veitingahúsið Silfurtunglið og fórum síðan þaðann niðru í kjallara, þar sem áfengislager húsins er og tókum við þar 2 kassa af áfengi og var það mest Wisky og Vodka. Við fórum með kassana heim til mína að Grettisgötu, en Ottó bjó þá heima hjá mér, og drukkum við síðan áfengið í

**Efni:** Innbrot og  
þjófnaður á 2 kössum af  
áfengi úr veitingahúsinu  
Silfurtunglinu.

**Grunaðir:**  
Kristján V. Viðarsson,  
Grettisgötu 82, Rvík.,  
fæddur 21/4 1955.

Ottó Sigurðsson,  
Bergþrórugötu 27, Rvík.,  
fæddur 11/4 1954.


**Settur í varðhald:**

40

sameiningu. Til þess að komast inn á vínlagerinn þá brutum við upp hurðina sem var að því herbergi og einnig spenntum við upp hurðina að sælgætissölunni í Austurbæjarbíói."

Yfirheyrslu lauk kl. 15:45.

Upplesið, staðfest.

  
Sigurður V. Eggertsson  
lögreglum.

Kristján Viðar Viðarsson  
Kristján Viðar Viðarsson.

Rvík. 16.lo.1976 kl.16,30 er mættur til skýrslutöku hjá  
 rannsóknarlöggreglunni Ottó Sigurðsson, nemi, til heimilis að Berg-  
 þórugötu 27 Rvík. f. 11.4.1954. Mætta er kunngert tilefni skýrslutökunna  
 sem er að mætti braust inn í Sigfurtunglið við Snorrabraut. Gætt  
 er ákvæða l.mgr. 40. gr. laga ummæðferð opinberra mála. Aminntur  
 um sannsögli skýrir hann svo frá.

" Eg minnist þess að fyrrípart ársins 1972 fór ég ásamt Kristjáni  
 Viðari Viðarssyni og brutumst við inn í veitingarhúsið Sigfurtunglið,  
 við Snorrabraut. Eg minnist þess að ég var staddur heima hjá Kristjáni  
 Viðari að Grettisgötu 82 og tel ég að þetta hafi verið um helgi. Okkur  
 vantaði vínföng og þá var ákveðið að brjótaast inn í veitinga-  
 húsið Silfurtunglið, en það er rétt við heimili Kristjáns. Við földum  
 okkur að ég held inn í Austurbæjarþíði og eftir að því var lokað  
 fórum við upp stiga, sem er við sýningarsvið hússins og komumst  
 þannig inn í Sigfurtunglið, en Austurbæjarþíð er í sama húsi og  
 veitingastaðurinn. Mig minnir að við höfum tekið tvo kassa um 24  
 flöskur af áfengi og voru það margar tegundir. Áfengið noruðum við  
 til eigin þarfa."

Skýrslutöku lauk kl.16,40

Upplesið, staðfest:

Ottó Sigurðsson

Skýrsluna tók:


Rúnar Sigurðsson, löggreglum.

24/1 1977.

Að beiðni Haraldar Henryssonar sakadómara talaði ég ~~xix~~ undirr. við Axel Magnússon Mávahlíð 41, s.14673, er rak veitingah. Silfurtunglið er umræddur þjófnaður var fíaminn og innti hann eftir bótakröfum á hendur þeim seku.

Hann kvaðst ekki sjá að nokkuð þyddi að gera skaðabótakröfur á hendur mönnum þessum.

Um refsihlið málsins kvaðst hann láta hið opinbera sjá um.

  
Hellert Johannesson  
lögregluglum

# Rannsóknarlöggreglan í Reykjavík

## Skýrsla

Mánu-- daginn 15. jan. 1973

Aukin af:

Eggerti N. Bjarnasyni  
löggreglum.

Efni:  
Innbrot í versl. Málar-  
un, Bankastræti 7 A R.  
Stolið kr. 4.500,00 til  
kr. 5.000,00.

Grunaðir:  
Eistján V. Viðarsson,  
rettisgötu 82, Rvík.,  
mildur 21/4 1955.  
Jón Leó Guðmundsson,  
Vilvfelli 44, Rvík.,  
mildur 25/6 1956.

Settur í varðhald:

Um kl. 09:30 var hringt til rannsóknarlöggreglunnar frá versluninni Málarinn að Bankastræti 7 A hér í borginni, og tilkynnt, að s. l. nótt hefði verið framið innbrot í verslunina.

Ég umdirritaður fór á staðinn, ásamt Sveinbirni Bjarnasyni löggreglumanni go gerði hann leit að fingraförum, en sú leit bar ekki árangur.

Farið hefur verið inn í verslunina með því að stinga upp dyr að undirgangi gegnum húsið, en þær dyr snúa að Bankastræti. Úr þessum undirgangi eru svo dyr að stiga, sem liggur upp í verslunina á 1. hæð. Þær dyr munu hafa verið opnaðar á sama hátt. Þegar inn í verslunina er komið er greiður gangur upp á 2. hæð verslunarinnar og þaðan um hringstiga upp á 3. hæð, þar sem skrifstofa fyrirtækisins er. Verslunarstjórinн taldi, að farið hafi verið um allt fyrirtækið, en ekki væri neins saknað annars, en skiptimynðar úr afgreiðslupeningakössum bæði á 1. og 2. hæð, samtals um kr. 4.500,00 til kr. 5.000,00. Ekki virtist neitt hafa verið rótað eða skemmt.

*H. N. Bjarnas. löggr.m.*

Sunnudaginn 13. júní 1976 kl. 15:00 er mættur til yfirheyrslu í fangelsinu við Síðumúla, Kristján Viðar Viðarsspn, gæslufangi, fæddur 21/4 1955 í Reykjavík.

Mætta er kunnugt um tilefni yfirheyrlunnar, en það er að hann hefur skýrt rannsóknarlöggreglunni frá ~~þrífusum~~ aðild sinni að innbroti í verzl. Málarann, Bankastræti 7, í janúar 1973. Gætt er ákvæða l. mgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála og áminntur um sannsögli skýrir hann svo frá:

" Eg vil nú gera grein fyrir innbroti, sem ég var þáttakandi í, ásamt Órn Leó Guðmundssyni. Aðdragandinn að þessu innbroti var sá að í janúar mánuði 1973 var ég ásamt Órn Leó staddur heima hjá mér að Grettisgötu 82. Þá talaði Órn Leó um það að við skyldum fara og brjótast inn í verzl. Málarann. Órn kvaðst vera kunnugur húsaskipan í verzluninni, þar sem hann hefði unnið þar áður, en sagðist hafa verið rekinn úr vinnunni þá stuðtu áður.

Við ákváðum þá að brjótaст þar inn og fór Órn Leó þ skúffu í eldhúsínu heima hjá mér og valdi sér þar hníf, sem hann sagðist ætla að nota til þess að stinga upp hurð verzlunarinnar. Það var svo nokkru eftir miðnætti að við gengum niður í Bankastræti, til þess að framkvæma þessa fyrirætlan okkar. Þegar að við komum að verzluninni, þá stóð ég vörð á horni Bankastrætis og Ingólfssstrætis, á meðan að Órn Leó fór að hurð, sem er að verzlunnini í Ingólfssstræti við hliðina á Gamla bíó. Órn opnaði þessa hurð með hnífnum og kallaði sían til mí나 og bað mig að koma til síн, sem ég gerði.

Við fórum síðan inn og komum þá að annari hurð, sem var læst með "smekklás" og opnaði Órn Leó hana einnig með hnífnum og fórum við síðan upp í verzlunina. Við gengum þar um og einnig fórum við upp hringstiga og komum þá upp í skrifstofuhúsnæði verzlunarinnar. Við gengum þar um, án þess að taka þar nokkuð, en fórum síðan niður í verzlunina aftur þar sem Órn Leó fór í peningakassa og tók þaðan ca. kr. 4.000.00 til 5.000.00, sem var þar í skiptimynnt. Eftir þetta fórum við út úr verzluninni og tók ég þá með mér litla rúllu af veggfóðri, sem ég fór með heim til mína og man ég ekki nú hvert Órn Leó kom með mér eða fór eitthvað annað. Mig minnir þó að hann hafi komið heim til mína og þar hafi farið fram


skipti á þýfinu, en hann síðan farið eitthvað út."

Yfirheyrslu lauk kl. 15:32.

Upplesið, staðfest.

Kristján Viðar Viðarsson

Kristján Viðar Viðarsson.

  
Sigurbj. V. Eggertss.  
lögreglum.

Laugardaginn 16. okt. 1976 kl. 10,40 er mættur til skýrslutöku hjá rannsóknarlöggreglunni Örn Leó Guðmundsson t.h. Völvufelli 44 Reykjavík f: 25/6. 1956 í Reykjavík (Nr. 9913 7045)

Mætta er kynnt ~~xxix~~ tilefni yfirheyrlunnar. En samkvæmt skýrslu Kristjáns Viðars Viðarssonar voru þeir saman við að brjótast inn í versl. Málarann aðfaranótt mánudagsins 15. jan. 1973.

Mætta er kynnt 1. málsgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mala. Hann skýrir svo frá ámynnitum um sannsögli: "

"~~ME~~ Ég var heima hjá Kristjáni Viðari er við áhváðum að brjótast inn í verslunina Málarann í Bankastræti. Þar var ég kunnugur húsa-skipan því ég hafði unnið þar. Kristján tók með sér borðhníf, en ég er ekki alveg viss um hvor okkar tók hann upp úr skúfunni.

Ég er alveg viss um að Kristján opnaði hurðirnar þarna í Málaranum en þar leitaði ég í peningakassanum á neðri hæðinni en Kristján í kassanum á þeirri efri. Ekki man ég til að neitt væri tekið þarna annað en skiptimynnxtin úr kössunum.

Ég man þetta ekki glöggt en tel að við höfum síðan skipt þessu á milli okkar heima hjá Kristjáni, en ekki get ég munað hvað það var mikið, en man að þetta var lítið upphæð sem kom í minn hlut.

Við fórum inn í verzlunina með því að stínga upp ~~hver~~ sem er á henni rétt ofan við Gamla Bíó. Ég get ekki munað alveg hvernig það gerðist en held þó að það hafi verið Kristján sem stakk hurðina upp, en það kann að vera að okkur hafi ekki gengið vel að opna hurðina og reynt það til skiptis og annar staðið á verði á meðan!"

Yfirheyrlu lauk kl. 11,05.

Vottur:

Sveinbj. Bjarnason

Sveinbj. Bjarnason

Jónas Bjarnason  
ranns.lögráður

Upplæsing staðfest.

Örn Leó Guðmundsson

Örn Leó Guðmundsson

280/73.

24/1 1977.

Að beiðni Haraldar Henryssonar sakadómara hef ég undirritaður talað við Eggert Kristinsson forstj. Málarans og innt hann um bótakröfur á hendur þeim seku í máli þessu.

Hann sagði að bótakröfur yrðu ekki gerðar og afstöðu til refsihliðar málsina tæki hanm ekki.

Hellert Jóhannesson

löggreglum.

# Rannsóknarlöggreglan í Reykjavík

## Skýrsla

Sunnu - daginn 6. jan. 19 74 kl. 10.30

Tekin af:

Helga Danielssyni, rannsóknarlögr.manni. Sigurb.V.Eggertssyni, lögreglum. og Ívari Hannessyni lögreglum.

Efni: Innbrot í húsið Borgartún 29, en þar eru til húsa ýmsar skrifstofur og verzlun. Stolið peningum og verkfærum.

Grunaðir:

Kristján Viðar Viðarsson f.21.4.1955, tilh.Grettis- götu 82, RvÍk.

Oskar Elías Héðinn Guðmundsson f.9.8.1951 tilh.Framnesvegi 18, RvÍkhengilás.

Settur í varðhald:

var tilkynnt um innbrot í húsið Borgartún 29 og fór undirritaður á staðinn ásamt Sveinbirni Bjarnasyni rannsóknarlöggreglumanni, sem leitaði fingrafara, en niðurstaða þeirrar athugunar liggur ekki fyrir.

Farið hafi verið inn um glugga á bakhlið, sem er fyrir ogan hurð þar. Hafði rúðan verið tekin úr í heilu lagi. Þegar þar er inn komið er komið inn á nekkurskenar verkstæði, en eftir það er greiður gangur um alla ganga hússins, en í húsinu eru margar skrifstofur á efri hæðinni, en á neðri hæðinni er húsgagnaverzlunin Búslóð.

I kjallara hússins, þar sem fyrst var inn komið var sprengdur upp kæliskápur, sem læstur var með hengilás. Einskis var saknað úr kæliskápnum, en í honum var lítilsháttar af matvælum. Þá var saknað úr verkstæðinu AEG børvelar, grá að lit og var hún sem næst ný og í kassa. Þaðan var einnig saknað Stanley handvélsagar. Á umræddu verkstæði voru kúbein og hefur eitt þeirra verið tekið, að öllum líkendum og notað til að sprengja upp hurðir í húsinu.

-2-

Farið var inn í verzlumina Búslöð, sem er á jarðhæðinni með því að sprengja upp hurð og urðu á henni verulegar skemmdir. Að sögn Ragnars Guðmundssonar eiganda verzlunarinnar, saknaði hann einksis, en sprengd hafði verið upp skúffaaí skrifberði og rótað í henni og sömuleiðis var sprengd upp skjalataska.

Á efri hæðinmi, eru til húsa nekkar skrifstofur, heild-verzlun, teiknistofur ofl.

Sprengdar voru upp tvær hurðir og þær stórkemmdir á teiknistefunni KVARDI og þar farið inn, en ekki var neins saknað þaðan. Þá var farið inn í heildverzlumina Andri, með því að spyrna upp hurðinmi, en á henni urðu litlat skemmdir. Einskis var saknað þaðan.

Þar var sprengd upp hurð hjá LJÓSTAK og hún stórkemmd. Að sögn Hrannars Haraldssomar, eiganda Ljóstaks saknaði hanm kr. 1200.00-1400.00 úr skúffu í afgreiðsluborði, en auk þess var farið í skáp í skrifborði, en þar var peningakassi, en úr homum var saknað kr. 1.000.00-2.000.00 í gömlum peningaseðlum.

Þá var sprengd upp hurð í teiknistofu Sigurðar Jónssonar tækniþræðings og hurðin stórkemmd. Einskis var saknað af skrifstefunni.

Hús þetta, Borgartún 29, er eign Bústaðar hf. og fersvarsmaður þess, Ingólfur Guðmundsson, Safamýri 44 s: 34619 kom fyrstur á staðinn ásamt Hirti syni sínum, en þá var útihurðin, sem snýr að Bergartúninu ólæst.

  
Helgi Danielsson,  
ránnsóknarlögr.m.

Friðjudaginn 22. júní 1976 kl. 18:00 er mættur hjá rannsóknarlöggreglunni í Reykjavík, í fangelsinu við Síðumúla, að eigin ósk, Kristján Viðar Viðarsson núverandi gæzlufangi til heimilis að Gretiisgötu 82, Rvík., fæddur 21/4 1955 í Reykjavík.

Aminntur um sannsögli skýrir mætti frá eftirfarandi:

Í byrjun janúar-mánaðar 1974 þá framdi ég, í félagi við Óskar Elías Héðin Guðmundsson, innbrot í húsið Borgartún 29, en þar var til húsa verzl. Búslóð og fl. fyrirtæki. Aðdragandinn að þessu var sá, að ég best man, að ég og Óskar vorum að ráfa um í Borgartúni og gengum þá meðal annars norður fyrir húsið Borgartún 29. Við sáum þá hurð, sem var á norður hlið húsins í kjallara, og fórum við að hurðinni. Gluggi var fyrir ofan hurðina og tók Óskar rúðuna ~~ár~~ (glerið) úr í heilu lagi og fór síðan inn og opnaði fyrir mér.

Við komum þá inn á einhverskonar verkstæði, en þaðan var hægt að komast um húsið. Parna á verkstæðinu brutum við upp ískáp, eða sprengdum upp hengilás sem hann var læstur með, en við tókum ekkert úr honum. Því næst fórum við á aðrahæð húsins og man ég að vorum með kúbein meðferðis, en það tókum við á verkstæðinu. Við brutumst inn í nokkur fyrirtæki á annari hæð húsins, en ekki man ég eða veit hvaða fyrirtæki það voru. Við sprengdum upp margar hurðir og notuðum við ýmist kúbeinið eða spörkuðum hurðirnar upp. Ég man það, að við unnum <sup>mikið</sup> ~~á~~ tjón dyrum og dyrabúnaði parna í húsinu.

I einhverju fyrirtækinu tókum við peninga úr skúffu og voru það nokkurhundruð krónur að mig minnir og einnig man ég eftir því að við tókum gamla peninga, bæði seðla og mynnt, og skiptum við því þannig að Óskar fékk myntina en ég seðlana.

Því næst fórum við aftur niður á jarðhæðina, þar sem verzl. Búslóð var, og þar spörkuðum við upp hurðinni að verzluninni og fórum inn. Ég man að við rótuðum þar til í skrifborði og einnig minnir mig að þar hafi verið skjalataska, sem við spenntum upp og rótuðum í. Mig minnir að ekkert hafi verið þarna í verzluninni sem okkur fýsti í og fórum við þaðan án þess að taka nokkuð.

Ég er þess fullviss að við tókum ekkert þarna úr húsinu annað en það sem ég hef nú sagt frá. Eftir að við komum út úr húsinu fórum við að veitingahúsinu Klubbnum, en þaðan fórum við að náttursölunni við Umferðarmiðstöðina og man ég ekki frekar um ferðir okkar eftir það. Þegar að þetta átti sér stað vorum við báðir undir áhrifum lyfja.

Yfirheyrslu lauk kl. 18:50.

Sigrún Eggertsson  
Sigrún Eggertsson

Upplesið, stabbfest,  
Kristján Viðar Viðarsson.

Föstudaginn, 15.10.1976, kl. 17, 25, er mættur á skrifstofu rannsóknarlöggreglunnar, Óskar Elías Héðinn Guðmundsson verkam. f. 9.8.1951 í Reykjavík, tilh. Framnesvegi 18, hér í borg sími 23236.

Mætta er birt tilefni skýrslutökunnar og gætt er ákv. l. mgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála og áminntur um sannsögli, skýrir mætti svo frá:

"Ég minnist þess, að hafa verið með Kristjáni Viðari Viðarsyni er við fröndum innbrot í húsið þar, sem húsgagnaverzlunin Búslóð var við Borgartún. Við vorum báðir eiththað ölvadír.

Ég man petta nokkuð ljóst, en þó gæti mig mismjónnt eitthvað og vil ég nú skýra frá þessu. Við vorum við Klúbbinn og þvældum paðan og að bakhlið þessa húss. Þar tókum við rúðu úr og fórum síðan inn. Ég man að við komum fyrst inn á verkstæði og þar brutum við upp kæliskáp, en tókum ekkert úr honum og man ekki nú, hvar í honum var. Ég man að eftir það, fórum við þarna upp á næstu hæð, en þar var húsgagnaverzlunin og þar brutum við upp hurð. Ég man, að þar inni, brutum við upp skúffu í skrifborði og einnig opnuðum við skjalatösku. Ég minnist þess ekki, að við tækjum neitt þarna, en eitthvað leituðum við. Þessu næst fórum við á hæðina fyrir ofan, að mig best minnir og þar brutum við upp nokkrar hurðir. Ýmist spentum við þær upp með kúbeini, sem við fundum þarna í einhverju fyrirtækjanna, eða spryntum í með fótunum. Ég man, að í einu fyrirtækjanna fundum við eitt-hvað af peningum, en ekki man ég fjárhæðina, eða það var ekki mikið. Þar fundum við einnig gamla peningaseðla. Petta tókum við með okkur.

Ég minnist þess ekki, að annað hafi hafst upp úr innbroti þessu. Mig minnir, að ég fengi peningana úr skúffunni, en það var að mig mynnir mest í skiptimynt. Ég man nú, að gæmla peningarnir voru bæði seðlar og mynt og ég man, að Kristján fékk seðlana, en ég myntina. Ég man ekki hvaða fjárhæð petta var. Ég hefi fyrir löngu eytt því, sem í minn hlut lenti og ég man óljóst eftir, að hafa selt myntina, að mig minnir í fri-merkjabúðinni í Lækjargötu, en vil þó ekki fullyrða það.

Ég hefi verið spurður um rafmagnsvélar, sem þarna munu hafa horfið og neita, að vita nokkuð um þær vélar og get fullyrt, að við tókum ekkert slíkt, enda fórum við beint að Klúbbnum á eftir og vorum síðan á þvælingi um nöttina og ég myndi örugglega muna eftir rafmagnsvélum, hefðum við verið með slíkt.

Ég man petta svona eins og petta er skráð eftir mér og hefi engu fleiru við að bæta.

Verði geðð krafa á hendur okkur vegna skemmda, sem við þarna unnum, þá mun ég tjá mig um þá hlið, er hún liggur fyrir."  
Yfirheyrslu lauk kl.18,05.

Upplesið staðfest,

Oskar Guðmundsson.

Vottur:

Sveinbjörn Bjarnason

Sveinbjörn Bjarnason  
lögreglum.

Óskar Guðmundsson.

Ivar Hannesson  
lögreglum.

Ivar Hannesson.

15.10.1976. Kristján Viðar Viðarsson hefur verið spurður um vélarnar, sem um ræðir og aftekur með öllu, að neinum vélum hafi verið stolið.

Ivar Hannesson  
lögreglum.

Ivar Hannesson.

61/74

53

Porgils Axelsson

Miðbraut 4, Seltj.

sími h. 25491 , v. 14185.

Reykjavík 24.1.1977.

Ég undirritaður hafði á leigu hluta af húseigninni Bergartún 29, R. í tær tvö ám, Á tímabilim var tvívar brotist inn í umrætt húsnæði, Þeði innbretin voru tilkynnt löggreglu, þeði af mér undirrituðum eg húseiganda , sem er Bústaður s.f. (Ingólfur Guðmundssom, húsamlöameistari). Eingin spjöll voru unnin á eignum minum en í annaðhvært skiptið var vasatölву , ásamt straumskipti stelið. Verðmæti hinna stelna muna var u.pah. kr.10.000.00

Virðingarfyllst,

Porgils Axelsson.

pA/pa.

24/1 1977.

Mættur er á skrifstofu rannsoknarlöggreglunnar Þorgils Axelsson byggingarfræðingur, til heimilis að Miðbraut 4, fædduð 14/12 1942 í Reykjavík.

Mætti skýrir svo frá áminntur um sannsögli.

Það var í janúar þýrjun 1974, sem brotist var inn á skrifstofuna mína að Borgartúni 29. Þá var stolið lítillri vasatölву svartri að lit, en það kom ekki í ljós strax.


Löggreglan var tilkvödd er umrætt innbrot var framið og er skýrsla þar um. Eg tilkynnti síðar sjálfur til rannsóknarlöggreglunnar þjófnaðinn á tölvunni. Hún var ekki mjög fullkominn allavega ekki á nútíma mælikvarða því einungis var hægt að leggja saman og draga frá á tölvunni.


Mér er nú gert ljóst hverjir hafa verið hér að verki og fer ég fram á, að mér verði bætt tjónið sem ég varð fyrir vegna umrædds þjófnaðar kr.lo,00900. Einnig get ég þess, að með tölvunni sem hvarf var spennubreitir.

Afstöðu til refsihliðar málsins tek ég ekki.

  
Hellert Johannesson  
löggreglum.

Upplesið staðfest.

 Þorgils Axelsson



P.24. jan. 1977.

Eftir beiðni Haraldar Henryssonar sakadómara, hefur í dag verið haft samband við eftirtalda eigendur fyrir tækja og skrifstofa í húsinu, Borgartúni 29 og þeir inntir eftir kröfugerð á hendur ~~hánum~~ sekú.

**Hrakkrux** Hrannar Haraldsson, eigandi Ljóstaks sími 19514 sagði að tjón það sem hann varð fyrir, væri ekki undir þrjú þús. krónum. Hann sagðist ekki sjá að neitt þýddi að gera kröfur á þá aðila sem barna ættu hlut að málí og sagðist hann láta hið opinbera um refsihlið málsins.

Ragnar Guðmundsson, tilh. að, Espilundi 3, Garðabæ sími 40335, eigandi verzlunarinnar Búslóð. Ekki var barna um skemmdir að ræða nema einni skúffu sem sprengd var upp og skjalatösku sem fékk sömu meðhöndlun. Varlega áætlað er tjónið að upphæð ca. 5 þús. krónur, en eigandinn kveðst ekki gera kröfur á hendur hinum sekú. Hann lætur hið opinbera um refsihlið málsins.

Ingólfur Guðmundsson, Safamýri 44. sími 34619, eigandi húseignarinnar, Borgartún 29, sagði í viðtali við undirritaðan að miklar skemmdir hefðu verið unnar á húsinu í umræddu innbroti og skifti skaðinn örugglega tugum þúsunda. Ingólfur benti á að sonur sinn, Hjörtur væri framkvæmdarstjóri húseignarfélagsins Bústaðir s.f. og gæti hann gefið nánari upplýsingar um málíð.

Hjörtur Ingólfsson, tilh. að, Fellsmúla 14, framkvstj. s.10069, skýrði undirritaðum frá því, að verðmæti þess sem stolið var í umræddu innbroti væri kr.41.449,- og þar að auki hefði viðgerð á dyrabúnaði og öðru numið samtals kr.108.589;-, eða samtals hefði tjónið orðið kr.150.038,00. Hjörtur sagði að tjónið hefði verið greitt af Sjóvátryggingarfélagi Íslands og væri því ekki um að ræða fébótakröfu af hálfu eigenda Bústaða s.f. Hins vgar kvaðst hann krefjast þess að ~~hinum~~ sekú yrði refsað eins og lög mæli fyrir.

Þá hafði undirritaður samband við, Stefán Hlíðberg fltr.

hjá Sjóvátr. Hann staðfesti skaðabóttagreiðslu þá sem að framan er getið vegna umrædds innbrots, en sagði að tryggingarfélagið gerði ekki skaðabóta-kröfu á hendur hinum seku, þar sem ekkert væri af þeim að hafa.

Gislí Guðmundsson  
lögreglum.